

skorað á stefndu að hætta slíkum afnotum og fengið viðurkennt með dómi, að stefndu var óheimilt að leigja brezka setuliðinu húshlutann á sínum tíma.

Niðurstaða máls þessa verður því sú, að þrautavarakrafa stefnanda verður tekin til greina, þannig, að stefnd verkafélög verða dæmd, að viðlögðum 50 króna dagsektum frá birtingu dóms þessa, til þess að haga afnotum sínum á umræddum eignarhluta þeirra í húsinu nr. 7 við Strandgötu í samræmi við framangreindan kaupsamning, dags. 28. sept. 1930. Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir hæfilegt, að stefndu greiði stefnanda kr. 1500.00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, stjórnnum Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar og Verkakvennafélagsins Eining f. h. félaganna, skal skylt að haga afnotum sínum af eignarhluta þeirra í húseigninni nr. 7 við Strandgötu á Akureyri í samræmi við ákvæði kaupsamnings um eignina, dags. 28. sept. 1930, að viðlögðum 50 króna dagsektum frá birtingu dóms þessa og greiði stefnanda, Kaupfélagi verkamanna, kr. 1500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 10. desemeber 1948.

Nr. 129/1948. Valdstjórnin (Hrl. Einar Ásmundsson)
gegn

Ólafi Péturssyni (Hrl. Sigurður Ólason).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Ölvun við akstur.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 400 krónur til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Kærði Ólafur Pétursson greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Ásmundssonar og Sigurðar Ólasonar, 400 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 4. maí 1948.

Ár 1948, þriðjudaginn 4. maí, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Einari Ingimundarsyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2132/1948: Valdstjórnin gegn Ólafi Péturssyni, sem tekið var til dóms þann 15. fyrra mánaðar.

Málið er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn kærða Ólafi Péturssyni hljóðfæraleikara, Njálsgötu 38 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935 og bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, til refsingar, sviptingar ökuleyfis og greiðslu sakarkosnaðar.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 10. maí 1921 í Reykjavík, og hefur hann, svo vitað sé, sætt þessum kærnum og refsingum:

1936 $1\frac{1}{4}$ Kærður fyrir hlutdeild í þjófnaði. Afgreitt til barnaverndarnefndar.

1940 $2\frac{1}{2}$ Sátt, 10 kr. sekt fyrir hjólreiðar í Bankastræti.

1945 $2\frac{1}{4}$ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.

1945 $1\frac{1}{10}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Hann heldur því þó fram, að hann hafi ekki verið hlutdeildarmaður í þjófnaði árið 1936, heldur aðeins tekið við stolnum munum í góðri trú.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Aðfaranótt laugardagsins 26. júlí s. l. var Jón Jóhannsson sjómáður, Framnesvegi 46 hér í bæ, vökumaður á ameríska skipinu True Knot, sem þá lá hér á höfninni. Hefur hann sem vitni skýrt svo frá, að um kl. 3—3½ umrædda nótt hafi 2 menn komið upp að landgöngubrú skipsins og síðan komið upp í skipið. Segir vitnið menn þessa báða hafa verið greinilega undir áhrifum áfengis, en þó miklu meira þann þeirra, sem var hærri vexti, og verið mun hafa kærði. Hafi nú kærði gert kröfu til þess að fá að fara um borð í skipið, en það vildi vitnið ekki leyfa og gerði aðvart um, að það þyrfti á hjálp að halda. Kom þá bráðlega 2. stýrimaður af skipinu

vitninu til aðstoðar og segir það þá tvo nú hafa beðið kærða um að hafa sig á brott, en hann hafi brugðizt illa við þeim tilmælum. Færðu skipverjar á nefndu skipi hann í land, en er því var lokið, hafi maðurinn, sem með kærða var, verið farinn á brott og er ekki vitað um ferðir hans eftir það eða nein deili á honum. Stuttu eftir að kærði var færður í land, komu lögreglumenn að og handtóku hann. Vitnið kveðst ekki hafa séð kærða og féлага hans koma út úr neinni bifreið, áður en hann (kærði) tók að freista að komast út í skipið, en meðan það var að tala við hann (kærða) hafi það veitt athygli bifreið, sem lagt hafði verið milli tveggja stórra kassa á hafnarbakkannum, og segir vitnið sér þegar hafa dottið í hug, að kærði og félagi hans hefðu komið út úr henni, þótt ekki sæi það þá gera það.

Það voru lögreglumennirnir Garðar Hannes Guðmundsson, Konráð Ingimundarson, Gisli Guðmundsson og Magnús Magnússon, sem handtóku kærða við skipið „True Knot“. Færðu þeir hann á lögregluvarðstofuna, þar sem Kjartan Bjarnason lögregluþjónn yfirheyrði hann, en að þeirri yfirheyrslu lokinni var hann settur í fangageymslu lögreglunnar og hafður þar sem eftir var nætur. Á leiðinni frá skipinu að lögregluvarðstofunni tók kærði að tala um, að hann hefði verið með bifreið niður við skipið. Segjast lögregluþjónarnir Magnús Magnússon og Gisli Guðmundsson síðan hafa heyrt hann jata, að hann hefði ekið bifreið sinni þá skömmu áður og kveikiláslykla bifreiðar sinnar hafi hann verið með í vösum sínum, þegar hann var handtekinn. Öllum ber þeim lögregluþjónunum saman um, að kærði hafi verið áberandi ölvaður, þegar þeir tóku hann höndum. Eins og áður er minnzt á, yfirheyrði Kjartan Bjarnason lögregluþjónn kærða, er komið var með hann á lögregluvarðstofuna, en nefndur lögreglumaður gegndi þar þá varðstjórástörfum. Segir hann kærða einnig hafa verið mjög ölvaðan þá og minnir, að hann hafi afhent sér (Kjartani) kveikilykla bifreiðar sinnar (kærða). Segir lögregluþjóninn kærða fyrst í stað hafa haldið því fram, að annar maður, sem hann vildi ekki segja hver var, hafi ekið bifreið sinni fyrir sig um nóttina. Annars hafi verið erfitt að fá botn í það, sem kærði sagði við yfirheyrsluna, því að hann hafi borið sitt á hvað og komizt margsinnis í mótsögn við sjálfan sig.

Kvaddur hefur verið sem vitni í máli þessu Höskuldur Þórhallsson hljóðfæraleikari, Tryggvagötu 6 hér í bæ, en vitnið hitti kærða í veitingasölum Hótel Borg einhvern tíma fyrir kl. 11½ að kvöldi þess 25. júlí s. l., og telur vitnið, að ekki hafi hann þá verið undir áhrifum áfengis. Sat vitnið að vındrykkju í fyrr nefndu veitingahúsi, ásamt Hendrik Sigurði Gunnari Rasmus, er kærði kom inn á veitingahúsið og settist hjá þeim félögum. Telur vitnið kærða einskis áfengis hafa neytt með þeim á þessu veitingahúsi, en bráðlega hafi þeir allir 3 farið út í Tjarnarcafé við Vonarstræti og hafi kærði ekið þeim þangað í bifreið sinni. Er þangað var komið, segir það þá

siðan alla 3 hafa drukkið innihald 1 brennivinsflösku, sem Hendrik Sigurður átti, en ekki mun hafa verið leyfi til vinveitinga á þessu veitingahúsi. Ekki kveðst vitnið geta sagt um, hvort sézt hafi áhrif áfengis á kærða af vinneyzlunni í Tjarnarcafé, enda hafi það, er hér var komið, sjálft verið talsvert undir áhrifum áfengis. Það varð ekki samferða kærða af þessu veitingahúsi (Tjarnarcafé) og veit það því ekki, hvert hann kann þá að hafa farið. Kvaddur hefur einnig verið sem vitni fyrrnefndur Hendrik Sigurður Gunnar Rasmus hljóðfæraleikari, Hringbraut 73, hér í bæ, og er framburður þess í öllum aðalatriðum í samræmi við framburð vitnisins Höskuldar Þórhallssonar hér að framan. Segir vitnið Hendrik Sigurður kærða hafa komið á Hótel Borg rétt fyrir kl. 10 e. h. umrætt kvöld. Telur það hann þá hafa verið með öllu algáðan og segir hann ekki hafa neytt áfengis með þeim Höskuldi á nefndu veitingahúsi, en eftir að komið var í Tjarnarcafé, en þangað hafi kærði ekið þeim, hafi þeir allir 3 sezt þar að drykkju og neytt brennivins og aquavitae, sem vitnið átti. Telur vitnið kærða eftir það brátt hafa orðið ölv-aðan. Um kl. 11½ um kvöldið segir vitnið kærða hafa farið út úr veitingahúsinu Tjarnarcafé á undan þeim Höskuldi Þórhallssyni og veit það ekki, hvað nú varð af honum og sá hann ekki framar þetta kvöld. Það minnst þess, að kærði hafi haft orð á því, áður en hann fór út af veitingahúsinu, að hann þyrfti að fá einhvern mann til að aka bifreið sinni fyrir sig, en ekki veit vitnið, hvort nokkuð varð úr þessu.

Kvaddur hefur enn fremur verið sem vitni við rannsókn þessa máls Einar Guðjón Benediktsson Waage hljóðfæraleikari, Mávalhlíð 1, hér í bæ. Er vitnið í hljómsveit Tjarnarcafé h/f og var við vinnu sína þar að kvöldi þess 25. júlí s. l. Kveðst það hafa hitt kærða þar, átt við hann stutt samtál og veitt því athygli, að hann hafi verið allmikið undir áhrifum áfengis, en ekki vitað neitt, hvað af honum varð, er veitingahúsinu var lokað um kl. 11½ um kvöldið.

Kærði hefur sjálfur skýrt þannig frá málavöxtum, þó ekki fyrr en hann var búinn að breyta framburði sínum frá því, sem hann upphaflega var. Hann kveðst hafa verið nýlega kominn úr ferðalagi ofan úr sveit, þegar hann kom í veitingasali Hótel Borg að kvöldi þess 25. júlí s. l. og kveðst hann þá ekki hafa verið tekinn að bragða áfengi. Á Hótel Borg kveðst kærði ekki hafa neytt neins áfengis, en farið þaðan bráðlega með þeim Höskuldi Þórhallssyni og Hendrik Sigurði Gunnari Rasmus út í veitingahúsið Tjarnarcafé og hafi hann ekið þeim þangað í bifreið sinni R 5427 (sic). Á nefndu veitingahúsi kveðst hann hafa tekið að neyta áfengis, hafi það verið brennivín og aquaviti, sem Hendrik Sigurður átti. Segir hann nú áfengi þetta hafa svifið svo á sig, að hann muni ekki eftir ferli sínum frá því hann fór út úr veitingahúsinu Tjarnarcafé, þar til hann var handtekinn um nóttina. Kveður hann sig þó minna, að hann hafi farið inn í bifreið sína, sem stóð fyrir utan Tjarnarcafé, er hann fór þaðan

út um kvöldið eða nóttina, en segir sig einnig ráma í eða vera viss um, að einhver eða einhverjir hafi þá verið í fylgd með sér, en hefur aldrei við rannsókn málsins getað tilnefnt neinn eða neina sérstaka menn. Kveðst kærði ekki minnst þess sérstaklega, að neinn maður hefi verið með sér, þegar hann fór um borð í skipið „True Knot“. Ekki kveðst kærði muna, hvort hann hafi ekið bifreið sinni, þegar hann fór út úr margnefndu veitingahúsi, eða hvort einhver annar hafi gert það fyrir sig. Hann lét þess þó getið í réttarhaldi þann 26. júlí s. l., að hann hefði verið með kveikiláslykla bifreiðar sinnar á sér, er hann var handtekinn, og taldi því sennilegast, að hann hefði sjálfur ekið bifreið sinni niður að höfn. Ekki kveðst kærði muna, hvort hann hafi viðurkennt það við yfirheyrslu á lögregluvarðstofunni, eftir að hann var handtekinn, að hann hefði þá nýlega ekið bifreið sinni. Hann telur sennilegt, að hann hafi neytt einhvers áfengis frá því hann fór úr Tjarnarcafé umrætt kvöld, þar til hann var handtekinn um nóttina, en man ekki, hvar það hafi verið. Kærði hefur tekið fram, að það komi oft fyrir, að hann gleymi löngum köflum úr ferli sínum, þegar hann sé mjög ölvaður, eins og hann hafi verið umrædda nótt, og komi hann því þá aldrei fyrir sig, sem gerzt hafi. Telur kærði hafa verið svo mikil brögð að ölvun sinni þessa nótt, að hann hefði þá naumast getað ekið bifreið. Eins og áður var litillega að vikið, skýrði kærði við frumrannsókn málsins á allt annan veg frá málavöxtum, en hér að framan hefur verið rakið. Kvaðst hann þá hafa ekið bifreið sinni beina leið niður að höfn eftir að hann kom úr ferðalaginu nefnt kvöld, en farið síðan heim til Höskuldar Þórhallssonar á Tryggvagötu 6. Hafi þeir Höskldur síðan farið fótgangandi í veitingahúsið Tjarnarcafé, einskis áfengis neytt þar, en farið þaðan ásamt Bóbó Waage (Einari Guðjóni Benediktssyni Waage) heim til Höskuldar og neytt þar áfengis, sem hann (Höskuldur) hafi átt. Síðan kveðst kærði hafa ætlað að hitta kunningja sinn um borð í skipinu True Knot, en hann þá ekki verið þar og upp úr því hafi lögreglan handtekið sig. Þessum framburði sínum breytti kærði sama dag og hann hafði látið hafa hann eftir sér til samræmis við það, sem áður er rakið, og telja verður réttara eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja í máli þessu.

Með viðurkenningu kærða á því, að hann hafi verið með kveikiláslykla bifreiðar sinnar í vösum sínum, er hann var handtekinn umrædda nótt, en þetta hafa lögreglumenn einnig borið, að verið hafi, þeirri skoðun kærða, að sennilegt sé, að hann hafi ekið bifreið sinni að skipinu True Knot einnig þá sömu nótt, framburði tveggja lögreglumanna um, að kærði hafi viðurkennt það, þegar eftir að hann var handtekinn, að hann hefði þá nýlega ekið bifreið sinni svo ölvaður sem hann var, en því hefur kærði aldrei mótmælt að hann hafi verið, heldur þvert á móti reynt að gera sem mest úr ölvun sinni, svo og með tilliti til reikuls og óákveðins fram-

burðar kærða við rannsókn málsins, verður að telja nægilega sann-
að, að hann hafi ekið bifreið sinni R 5427 undir áhrifum áfengis
aðfaranótt þess 26. júlí s. l. og hefur hann með því athæfi sínu
brotið 21. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 1. mgr. 23. gr.
bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941, og þykir refsing hans samkvæmt
39. gr. áfengislaganna og 38. gr. bifreiðalaganna hæfilega ákveðin
varðhald í 10 daga.

Þá ber samkvæmt 21., sbr. 39. gr. áfengislaganna og 39. gr. bif-
reiðalaganna að svipta kærða leyfi til að aka bifreið í 4 mánuði frá
birtingu dóms þessa.

Kærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með
talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hrl.,
kr. 300.00.

Á rekstri máls þessa hefur orðið nokkur dráttur, og stafar hann
af miklum embættisönnum dómarans.

Þess skal getið, að sá þáttur málsins, sem snýr að broti þeirra
Hendriks Sigurðar Gunnars Rasmus og Höskuldar Þórhallssonar
hefur verið afgreiddur sérstaklega.

D ó m s o r ð :

Kærði Ólafur Pétursson sæti varðhaldi í 10 daga.

Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið í 4 mánuði frá birt-
ingu dóms þessa.

Kærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnar-
laun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. desember 1948.

Nr. 119/1948. Valdstjórnin (Hrl. Einar B. Guðmundsson)
gegn

Snæbirni Stefánssyni

(Hrl. Gunnar Þorsteinsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og Einar Arnalds
borgardómari í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar og
hrd. Þórðar Eyjólfsssonar.

Fiskveiðabrot.

Dómur hæstaréttar.

Forstöðumaður Sjómannaskólans hefur markað á sjó-
uppdrátt stað skips kærða í landhelgi, og reyndist hann
vera 1.2 sjómílu fyrir innan landhelgislinu.